

Bráðamóttaka lögð niður - Fólk í lífshættu

Opið bréf til Heilbrigðisráðherra

Þrátt fyrir ítrekaðar bréfaskriftir til stjórnenda Landspítala, Landlæknis og Heilbrigðisráðherra er upplausnarástand á Landspítala viðvarandi. Þetta hefur kristallast sl. 2 daga, þar sem fjöldi veikra og slasaðra fékk ekki lágmarkspjónustu. Þegar verst lét biðu 44 sjúklingar þess að deildir Landspítala tækju við sér og sinntu þeim á mannsæmandi hátt. Á sama tíma var það meðvituð ákvörðun framkvæmdastjórnar Landspítala að leggja niður starfsemi einu bráðamóttökunnar á Höfuðborgarsvæðinu. Mannréttindi sjúklinga sem og réttur Íslendinga til heilbrigðisþjónustu eru fótum troðin.

Landlæknir hefur endurtekið bent á að Landspítalinn starfar ekki samkvæmt og brýtur lög um heilbrigðisþjónustu frá 2007 nr. 40, sérstaklega gr. 24 og einnig reglugerð 787/2007 (Reglugerð um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur, gr. 9 og gr. 11). Viðvaranir frá Landlækni sem hefur endurtekið gert úttektir og skilað minnisblöðum með tilmælum um tafarlaugar úrbætur á Landspítala hafa engu skilað, ráðherra hefur ekki stigið inn í málið af nauðsynlegri festu.

Framkvæmdastjórn Landspítala hefur margendurtekið sýnt fram á eigið vanhæfi. Innan Landspítala er engin virk álagsstjórnun og nauðsynleg mönnun og starfsaðstæður eru ekki tryggðar. Landspítalinn er stærsta stofnun þjóðarinnar og stærsti vinnustaður landsins með yfir 6000 starfsmenn og kostar rúmlega 84 þúsund milljónir í rekstri. Á þessari stofnun ríkir stórhættulegt stjórnleysi og framkvæmdastjórn hefur margendurtekið sýnt fram á sitt eigið vanhæfi við að tryggja veiku fólki eðlilega þjónustu. Forstjóri og framkvæmdastjórn Landspítala hafa með brostnum loforðum sínum rúið sig trausti.

Stærsta vandamál Landspítala eru ytri aðstæður (hjúkrunarrými) og mönnunarvandi. Því miður hafa Heilbrigðisráðherra og Ríkisstjórn Íslands með aðgerðaleysi og vanhugsuðum inngrípum sínum aukið á vandamál kerfisins. Það þarf engum að koma á óvart t.d. eftir endurteknar lagasetningar á lögmæta kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga, reynist enn erfiðara að halda í hæfan mannskap og nýliðun er skert.

Félag bráðalækna skorar á Heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn Íslands að grípa inn í með afgerandi hætti. Það er bráðnauðsynlegt að stöðva stjórnleysið á Landspítala. Núverandi mönnun og aðstaða í heilbrigðiskerfinu er ólíðandi. Þessu þarf að breyta með öllum tiltækum ráðum.

Stjórn Félags Bráðalækna